

það, hvornig tjeðum afnotum hafi verið varið. Mál-
flytjendur hafa látið sjer nægja það eitt að staðhæfa,
að svona væru þau, eins og að ofan er frá skýrt, og
verður þá að taka til greina framsögn hins stefnda um
þessi málsatvik.

Þó að hinn stefndi eptir hinu framanritaða hafi
haft afnot $\frac{1}{6}$ Viðeyjar fardagaárið 1890—91, hafði
hann ekki sjálfur bú þar í eiginlegum skilningi, eða á-
búð á jörðinni, og eigi getur það heldur álitizt, að hann
hafi haft þar útibú, þar sem hann eigi hafði árshjú og
árs-áhöfn á jörðinni. Það er því rjett álitid af fóget-
anum, sem kveðið hefur upp hinn áfrýjaða úrskurð, að
lögtað verði eigi gjört fyrir tjeðu auka-útsvari, með því
að það eigi er heimilað með lögum nr. 12 9. ágúst
1889, nje hinum eldri landslögum um fátækraútsvar,
og ber fyrir því að staðfesta tjeðan úrskurð.

Eptir atvikum þykir rjett, að málskostnaður falli
niður, og eigi verður hinum skipaða umboðsmanni sækj-
anda dæmt kaup fyrir málsfærsluna eptir þessum úr-
slitum málsins, en það vottast, að hann hafi sótt málið
vítalaust.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinn áfrýjadi fógeta-úrskurður á að vera órask-
aður. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 2. maímánaðar.

Nr. 8/1892:

Rjettvísín

gegn

Jóni Sigurðssyni.

D ó m u r :

Þegar sakamál þetta, sem sýslumaðurinn í Þing-

eyjarsýslu hefur haft til rannsóknar og dómsáleggingar, kom fyrir yfirdóminn á síðastliðnu hausti, var dómur hans í málinu dæmdur ómerkur fyrir þá skuld, að hann hefði eigi tekið meðdómsmenn til þess að dæma í sökinni með sjer, þótt um lífleysisglæp væri að ræða, og jafnframt benti yfirdómurinn þá á ýmisleg atvik, sem athugaverð væru við rekstur málsins. Nú hefur hjeradsdómarinn hinn 14. janúar þ. á. nefnt 4 menn til þess að vera meðdómsmenn í máli þessu, og hefur hann síðan ásamt meðdómsmönnum hinn 27. jan. þ. á. uppkveðið þann dóm í málinu, að ákærði Jón Sigurðsson skuli sæta lífláti, svo og greiða allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun, 6 kr., til hins skipaða talsmanns hans í hjeradi. Þessum dómi hefur að tilhlutun hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.

Hjeradsdómarinn útnefndi meðdómsmenn 14. jan. þ. á. til þess að kveða upp dóm í máli þessu, og samdægurs tók hann málið upp til dóms, án þess að meðdómsmennirnir væru kvaddir til að vera við upptekt sakarinnar. Síðan er dómur uppkveðinn hinn 27. jan. þ. á. af sýslumanninum og meðdómsmönnum, sem þá sitja í rjettinum, án þess að þeir hafi verið eiðfestir.

Með því að meðdómsmennirnir eigi hafa unnið eið samkvæmt N. L. 1. 7. 2. og 1. 7. 5. sbr. 1. 5. 1. sbr. einnig tilsk. 3. júní 1796 §§ 24 og 36, verður að dæma aukarjettardóminn ómerkan og vísa málinu heim í hjerad til dómsáleggingar, eptir að meðdómsmenn hafa verið löglega tilnefndir og eiðfestir.

Því hefur eigi enn verið fullnægt samkvæmt ummælunum í dómi landsyfirrjettarins 23. nóv. f. á., að fengin hafi verið að nýju ýtarleg skýrsla hins ákærða

um öll atvik að glæpnum, til þess að hún verði borin saman við hinn fyrri framburð hans í málinu og aðrar skýrslur í því.

Allan kostnað, sem leitt hefur af þessari áfrýjan málsins, verður hjeradsdómarinn að greiða, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. — Það vottast, að málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjadi aukarjettardómur skal ómerkur vera og heimvísast sökinni til löglegrar meðferðar og dómsáleggingar. Allan kostnað, sem áfrýjun máls þessa hefur í för með sjer, greiði hjeradsdómarinn, sýslumaður Benedikt Sveinsson þar með talin málflytningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra, og greiðist þetta innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. maímánaðar.

Nr. 3/1892:

Eiríkur Magnússon
 gegn
 Birni Jónssyni.

D ó m u r:

Mál þetta hefur áfrýjandinn, Eiríkur Magnússon, bókavörður í Cambridge, höfðað gegn stefnda, Birni